

Stjörnuþákort fátæktar

Sérð þú fram í tímann? Hvað ber næsta ár í skauti sér hjá Aminu eða Misha?

Málefni Fátækt, hnattvæðing, félagsleg réttindi

Þyngdarstig Stig 3

Hópstærð 15–21

Tími 60 mínútur

Yfirlit Í þessu verkefni er fléttað saman þekkingu og skapandi hugsun við rannsókn á afleiðingum fátæktar og þeim tækifærum í lífinu sem fátækt fólk fer á mis við.

Tengd réttindi

- Rétturinn á fæði og húsnæði.
- Rétturinn til heilbrigðis.
- Rétturinn til vinnu.

Markmið

- Að íhuga bæði hve fá tækifæri standa fátæku fólki til boða og hve erfitt því reynist að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast.
- Að gera sér grein fyrir vítahring fátæktarinnar.
- Að stuðla að félagslegu réttlæti, mannlegri reisn og ábyrgð.

Efniviður

- 12 stjörnuþákort.
- 12 lífskort.
- Ein pappírsörk og blýantur á mann.
- Stór pappírsörk, flettistöflupappír eða tafla.
- Merkipennar eða krít.
- Límband.

Undirbúningur

- Ljósritaðu stjörnuþákortin og lífskortin og klipptu þau út.
- Útbúðu þrjá kortabunka þannig að í hverjum þeirra séu fjögur lífskort með samsvarandi stjörnuþákortum. Settu bunkana hvern í sitt umslag svo að þeir ruglist ekki saman.

Leiðbeiningar

- Kynntu verkefnið. Gerðu stuttlega grein fyrir stjörnuþákortum almennt. Lesa þátttakendur einhvern tíma slíkar spár? Trúa þeir á þær? Hvers konar upplýsingar veita þær yfirleitt?
- Skiptu þátttakendum í þrjá hópa og láttu hvern þeirra fá bunka af lífskortum ásamt samsvarandi stjörnuþákortum.
- Gefðu þeim tuttugu mínútur til að semja stjörnuþá fyrir einstaklingana fjóra sem sagt er frá á lífskortunum. Segðu þátttakendum að nota ímyndunarafli sitt, innsæi og almenna þekkingu til að spá fyrir um hvernig líf þessa fólks verði á næsta ári. Ítrekaðu að spádómar þeirra geti hvorki verið réttir né rangir, en þeir skuli reyna að hafa þá innan raunsæismarka.
- Síðan skaltu kalla alla þátttakendur saman. Þar á hver hópur að kynna það sem

MÁLEFNI



FÁTÆKT



HNATTVÆÐING




FÉLAGSLEG RÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRÐ



15–21

TÍMI



60 MÍNÚTUR

hann hefur gert. Fyrst á að lesa upp textann á lífskortunum, svo að allir viti deili á viðkomandi persónum, og síðan stjörnuþána.

- Loks skaltu líma lífskortin og spádómana á stóru pappírsörkina og búa þannig til veggspjald.

Samantekt og mat

Hefja ætti umræður með því að biðja hvern hóp fyrir sig að lýsa því hvernig hann ákvað framtíð hvernar persónu. Síðan skal reynt að skilgreina fátækt og hefja svo umræður um afleiðingar fátæktarinnar.

- Hver er ímynd fátæks fólks í hugum þátttakenda? Í eigin landi og í þróunarlöndunum? Eru þetta staðalmyndir? Eru þessar ímyndir á rökum reistar? Hvaðan fá þátttakendur þessa vitneskju sína?
- Hvaða merkingu leggja þátttakendur í hugtakið „fátækt“?
- Er hugsanlegt að einhver teldist vera „ríkur“ í einu landi en „fátækur“ ef hann byggi í öðru landi? Má með öðrum orðum segja að fátækt sé afstæð?
- Hvers vegna eru sumir fátækir og aðrir ríkir í okkar samfélagi?
- Hvernig er helst hægt að losa sig undan oki fátæktarinnar, hér á landi og í Eirítrú, einu fátækasta landi veraldar? Með því að eiga ríkan frænda? Vinna í happdrætti? Öðlast menntun? Vera heilsuhausstur? Þekkja rétta fólkið? Leggjá hart að sér við vinnu? Eitthvað fleira?
- Hvernig gengur fátæku fólki að rjúfa vítahring fátæktarinnar? Með öðrum orðum, hve erfitt reynist einstaklingi sem fæðist inn í fátæka fjölskyldu að vinna sig út úr fátæktinni?
- Hvaða möguleikar standa ríku fólki til boða?
- Hvaða möguleikar standa fátæku fólki til boða?
- Er fátæktin fólkinu sjálfu að kenna? Er fátæktin hlutskipti þess? Eru félagsleg, pólitísk og efnahagsleg öfl að verki?
- Fátækt er oft fylgífiskur heilsuleysis, hungurs og vannæringar, menntunarleysis, lélegrar starfskunnáttu og atvinnuleysis. Er slíkt tilviljun eða eru tengsl þar á milli? Ef um tengsl er að ræða, hver eru þau?
- Hvernig er almennt litið á/komið fram við fátækt fólki?
- Hvers konar stefnumál, pólitísk og félagsleg, skapa öllum þegnum samfélagsins bestu möguleikana?
- Getur menntun dregið úr fátækt?
- Bilið milli ríkra og fátækra breikkar stöðugt í nánast öllum löndum heims. Bilið milli landa er einnig að breikka. Hvaða afleiðingar hefur það í Evrópu?
- Er í lagi að bilið breikki? Ef þátttakendur telja að svo sé ekki, hverjir eiga þá að gera ráðstafanir til að draga úr því?
- Hvað geta einstaklingar, hópar, sveitarfélög og þjóðir gert til að brúa þetta bil?

Ábendingar til leiðbeinanda

Gera skal þátttakendum ljóst að þetta er skálduð stjörnuþá og hvorki þarf að vita neitt um stjörnuþeki né þá eiginleika sem venjum samkvæmt eru tengdir stjörnumerkjunum. Þeir eiga bara að einbeita sér að upplýsingunum á lífskortunum og nota almenna vitneskju sína og þekkingu á sögu og efnahags- og félagsmálum. Ekki skal líta svo á að „ástin“ í spádómskortunum vísi aðeins til ástalífs einstaklingsins heldur einnig sambands hans við fjölskyldu og vini.

Lykildagsetning

17. október
Alþjóðadagur helgaður
útrýmingu fátæktar

Tilbrigði

Hægt er að laga lýsingarnar á lífi einstaklinganna að aðstæðum eða búa til nýjar sem eru áhugaverðari eða heppilegri. Einnig er hægt að nota raunveruleg dæmi sem vítað er um.

Tillögur um framhald

Oft eru konur einu fyrirvinnur fjölskyldunnar, ýmist vegna þess að þær eru einstæðar eða vegna atvinnuleysis eiginmannsins. Oft er konum þó mismunað á vinnustöðum og ef félagsleg aðstoð er ekki fyrir hendi getur verið afar erfitt að stunda bæði vinnu og ala upp börn. Hafi þátttakendur áhuga á að kanna þessi mál betur er þeim bent á verkefnið „Vinna og börn“ á bls. 253.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu boðist til að styðja einhver frjáls félagsamtök sem veita fátækum liðsinni og reyna að skapa þeim framtíð. Einnig væri hægt að finna einhvern hóp fólks innan sveitarfélagsins sem þarf á aðstoð að halda og setja í gang verkefni til fjáröflunar.

EFNI TIL DREIFINGAR**Lífskort**

Maria, einstæð móðir þriggja barna, býr í fátækrahverfi í Madeira í Portúgal. Síðasti sambýlismaður hennar er nýskilinn við hana. Hún starfar sem vinnukona hjá efnaðri fjölskyldu, en óvíst er hve lengi hún heldur því starfi. Nýlega var verðmætum hring stolið frá húsmóðurinni og hana grunar að einhver af vinnukonunum hafi gert það. Illa gengur að finna sökudólginn svo að öllum vinnukonunum verður sagt upp og aðrar ráðnar í stað þeirra. Maria er í **steingeitarkerkinu**.

Amina er frá Tyrklandi. Hún býr í litlu þorpi í einum fátækasta hluta landsins. Hún er tólf ára gömul og foreldrar hennar – fátækir bændur – vilja fara að finna eiginmann fyrir hana. En hún vill ekki giftast; þess í stað ákveður hún að flýja að heiman og fara til höfuðborgarinnar þar sem hún vonar að framtíðarvonir hennar geti ræst. Amina er í **tviburamerkinu**.

Misha er frá Tomsk í Síberíu. Hann er búinn að vera atvinnulaus í marga mánuði og veit ekki hvað hann á að taka til bragðs. Konan hans er fárveik og rúmföst alla daga. Hann á fjögur börn, tuttugu ára, átján ára, tíu ára og átta ára, og tvö yngstu börnin eru fötlud. Misha er í **meyjarmerkinu**.

Yuriy býr ásamt foreldrum sínum og þremur yngri bræðrum í Tomsk í Síberíu. Hann er tvítugur að aldri og mjög efnilegur íshökkíleikmaður. Frændi hans, sem býr í Bandaríkjunum, hefur boðist til að leita eftir námsstyrk fyrir hann svo að hann geti stundað nám í bandarískum háskóla. Pabbi Yuriys, Misha, hefur verið atvinnulaus í marga mánuði og einu tekjurnar sem fjölskyldan hefur um þessar mundir eru þær sen Yuriy aflar með tilfallandi störfum. Yuriy veit ekki hvað hann á að gera. Mamma hans er veik, tveir yngstu bræður hans eru fatlaðir og fjölskyldan leggur allt sitt traust á hann. Yuriy er í **krabbamerkinu**.

Bengt er ungur sænskur snoðkollur. Hann hefur tvisvar verið handtekinn á þessu ári fyrir ofbeldi. Hann hefur verið atvinnulaus í tvö ár en hafnar samt öllum störfum sem honum standa til boða. Hann vill bara þjálfa hundinn sinn, sem er af tegundinni „pit bull terrier“, stunda vaxtarrækt og þvælast um göturnar með félögum sínum, sem bendlaðir eru við ýmsar árásir sem tengjast kynþáttahatri. Bengt er í **hrútsmerkinu**.

Ricardo býr einsamall í Barselóna á Spáni, í lítilli íbúð sem hann hefur varla efni á. Hann hefur verið veikur í marga mánuði og lifir á bótum frá ríkinu. Hann stundaði áður tilfallandi störf. Konan hans fór frá honum með börnin þegar hún komst að því að hann væri með alnæmi. Hann er í **vogarmerkinu**.

Abdoul fór fyrir mörgum árum frá Míritaníu til að leita sér að vinnu í París, höfuðborg Frakklands. Hann dvaldi þar einn fyrsta árið en tókst svo síðar að fá til sín eiginkonu sína og fjóra syni, ásamt afa sínum og ömmu. Þau búa öll saman í íbúð í fátækrahverfi í París. Um skeið gekk allt vel, ekki síst þegar eiginkonan eignaðist tvíbura, en erfitt hefur reynst að ala börnin upp samkvæmt hefðum heimalandsins, Míritaníu. Tvíburarnir eru nú tólf ára gamlir. Þeir eiga við mikla erfiðleika að etja í skólanum og standa oft uppi í hárinu á foreldrum sínum. Fyrir skömmu missti Abdoul vinnuna vegna versnandi efnahagsástands í landinu. Abdoul er í **ljónsmerkinu**.

Tvíburarnir **Moktar** og **Ould** fæddust í París. Þeir eru synir Abdouls, farandverkamanns frá Míritaníu. Öll fjölskyldan, foreldrar þeirra, fjórir eldri bræður og afi þeirra og amma, býr saman í íbúð í fátækrahverfi í París. Tvíburarnir eru tólf ára gamlir og eiga við alls konar vandamál að etja í skólanum. Þeir neita að læra heima, skrópa oft í tímum og þvælast með vinum sínum um úthverfi Parísar, óhlýðnast foreldrum sínum og rifast oft við þá, stundum af mikilli hörku. Skólaskýrslur sýna að þeir verða stöðugt ofbeldisfyllri. Moktar og Ould eru í **vatnsberamerkinu**.

Krista er tvítug að aldri, leigir pínulitla íbúð í fátækrahverfi í útjaðri Prag og hana dreymir um að flytjast til Þýskalands. Hún hefur séð auglýsingu um störf í boði í Berlín. Hún hringdi í símanúmerið sem gefið var upp og átti fund með manni sem lofaði að hjálpa henni út úr fátæktaþrasinu og sagði að hún fengi strax vinnu í Berlín. Hún ákvað að treysta þessum manni og freista gæfunnar í Þýskalandi. Krista er í **bogmannsmerkinu**.

Jane er ekkjá sem komin er á efri ár og býr í Skotlandi. Maðurinn hennar var drykkjusjúklingur og vann nánast ekki neitt. Hún dregur fram lífið á mjög lágum ellilífeyri frá ríkinu, en þarf nú á meiri aðstoð að halda af heilsufarsáæðum. Jane er í **fiskamerkinu**.

Bella býr með systur sinni, Angelicu, í Palermó á Ítalíu. Foreldrar þeirra létust þegar stúlkurnar voru sextán og sautján ára gamlar og þá urðu þær að hætta í skóla og fara að vinna til að geta séð sjálfar fyrir sér. Nú eru þær orðnar tuttugu og tveggja og tuttugu og þriggja ára gamlar. Bella sinnir tveimur störfum; hún starfar sem húshjálp á daginn og vinnur svo við hreingerningar á sjúkrahúsi á kvöldin. Hún þarf líka að annast Angelicu, en hún er eiturlyfjasjúklingur. Bella vill ekki bregðast systur sinni því að hún veit að faðir þeirra beitti hana ofbeldi. Bella á erfitt með að hemja skap sitt og hefur þess vegna nýlega misst vinnuna í tvígang. Bella er í **nautsmerkinu**.

Angelica býr með systur sinni, Bellu, í Palermó á Ítalíu. Foreldrar þeirra létust þegar stúlkurnar voru sextán og sautján ára gamlar og þá urðu þær að hætta í skóla og fara að vinna til að geta séð sjálfar fyrir sér. Núna eru þær orðnar tuttugu og tveggja og tuttugu og þriggja ára gamlar. Bella sinnir tveimur störfum og þarf líka að annast Angelicu, en hún er eiturlyfjasjúklingur. Angelica stelar oft peningum frá systur sinni til að kaupa eiturlyf. Hún hefur notað eiturlyf, með hléum, í allmörg ár og á afar erfitt með að hafa stjórni á fíkninni. Angelica er í **sporðdrekkamerkinu**.

Stjörnuþákort fyrir árið

<p>Hrútsmerkið (Bengt) (21. mars–21. apríl)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>	<p>Krabbamerkið (Yuriy) (22. júní–22. júlí)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>
<p>Vogarmerkið (Ricardo) (23. sept.–22. okt.)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>	<p>Steingeitamerkið (Maria) (22. des.–20. jan.)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>
<p>Nautsmerkið (Bella) (22. apríl–21. maí)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>	<p>Ljónsmerkið (Abdoul) (23. júlí–22. ágúst)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>
<p>Sporðdrekamerkið (Angelica) (23. okt.–22. nóv.)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>	<p>Vatnsberamerkið (Moktar og Ould) (21. jan.–19. feb.)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>
<p>Tvíburamerkið (Amina) (22. maí–21. júní)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>	<p>Meyjarmerkið (Misha) (23. ágúst–22. sept.)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>
<p>Bogmannsmerkið (Krista) (23. nóv.–21. des.)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>	<p>Fiskamerkið (Jane) (20. feb.–20. mars)</p> <p>Ást</p> <p>Vinna</p> <p>Heilbrigði</p>